

Norðurþing
Gaukur Hjartarson
Ketilsbraut 9
640 Húsavík



Reykjavík 10. júní 2015
UST201505-160/B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - efnistökusvæði í Skurðsbrúnum við Húsavík. Umsögn


Vísað er til bréfs Norðurþings dags. 18. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.


Ráðgert er að taka á næstu 15 árum 149.900 m³ af grjóti á 49.000 m² stóru svæði í Skurðsbrúnum ofan Húsavíkur. Náman er í næsta nágrenni háspennulínu sem lögð verður frá Þeistareykjum að iðnaðarsvæði á Bakka.

Námuvegur verður lagður í vegstæði línuvegar frá Norðausturvegi að námunni. Í greinargerð kemur fram að náman verður unnin með skipulegum hætti og að þess verði gætt að menga ekki uppsprettur, því náman er á grannsvæði vatnsverndar. Þetta svæði hefur ekki verið nýtt til vatnstöku til þessa.

Náman er staðsett í gróðurlitlum mel og efnið sem unnið verður er grágrýti sem er algeng jarðmyndun. Umhverfisstofnun telur að umræddri námu hafi verið valinn góður staður sem henti betur til efnistöku en aðrir kostir sem til greina komu. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrætt deiliskipulag.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur